

LISTIR

KVIKMYNDIR

Laugarásbíó

DAUÐINN OG STÚLKAN
„DEATH AND THE MAIDEN“
★ ★ ½

Leikstjóri: Roman Polański. Byggð
á samnefndu leikriti Ariel Dorf-
mans. Aðalhlutverk: Sigourney
Weaver, Ben Kingsley, Stuart
Wilson. New Line. 1994.

NÝJASTA mynd Roman Pol-
anskis, Dauðinn og stúlkán eða
„Death and the Maiden“, er byggð
á samnefndu leikriti eftir Ariel
Dorfman, sem leikni á hluti í kvik-
myndahandritinu, og er skelfileg
úttekt á sambandi kvalara og
fórnarlamb hans. Stykkið var

Dauðinn kveður dyra

sett upp hér á landi og er lítið
um sig, persónurnar aðeins þrjár
og leiksviðið íbúð eða hús fórnar-
lambins og Polański, sem er ekki
óvanur persónulegum átökum í
einangruðu umhverfi, á í nokkrum
erfiðleikum með að „opna“ það
eins og kallað er, búa til kvikmynd
úr stofudramanu.

Hann fer þá leið að byggja
myndina að nokkru upp eins og
hryllingsmynd og það dugar hon-
um eitthvað. Hann sýnir okkur
hús á fáförnum stað út við
dumbshaf eina óveðursnótt þar

sem loft er drungalegt, myrkur
grúfir yfir staðnum og sjórin
hamast við klettana og það á vel
við efnið, sem er í raun hroll-
vekja. En þetta er gamalkunnug
og klisjukennd bygging, sem
dregur athyglina meira að sér
sjálfri en innihaldinu.

Polanski nær ágætum leik út
úr þremmingunum. Sigourney
Weaver, sem er vanari því að leika
ódrepanði hasarblaðahetjur, sýnir
á sér viðkvæmu hliðarnar og að
hún er efni í skapgerðarleikkonu
í hlutverki hinar þjáðu stúlku,

sem titillinn vísar til, sem var
fangelsuð, pýnd og nauðgað fyrir
mörgum árum í ónefndu S-Amer-
íkuríki þar sem atburðir myndar-
innar eiga sér stað. Ben Kingsley
er, að hennar viti, dauðinn, sá sem
pýndi hana forðum en er nú kom-
inn í hendurnar á henni fyrir
glettni örlaganna. Og Stuart Wil-
son er eiginmaðurinn hennar eða
fulltrúi almennings, sem er áhorf-
andi að átökunum og veit ekki
hverju skal trúá.

Heiti myndarinnar er dregið af
strengjakvartett Schuberts, sem

kvalarinn var vanur að leika und-
ir pyndingunum, svo fórnarlambið
fékk ógeð á tónlistinni og ógeð á
lífinu yfirleitt. Með myndinni er
verið að segja að pyndingar séu
persónulegar og með því að snúa
hlutverkunum við reynir hún að
lýsa hinu persónulega sambandi
kvalarans og fórnarlambins.
Pyndingar snúast ekki um mál-
stað eða hugsjónir eða einræðis-
stjórnir eða herinn heldur mann á
móti manni, fórnarlambið og kval-
arann og þær snúast um vald.
Polanski tekst að byggja upp
spennu og átök á þessum nótum
við undirleik óveðursins og í manni
situr dauðinn í andliti Weaver,
sem á aldrei eftir að endurheimta
líf sitt.

Arnaldur Indriðason

Sumarsýning Kjarvalsstaða

Íslensk myndlist á 20. öld

SUMARSÝNING Kjarvals-
staða, „Íslensk myndlist“,
verður formlega opnuð á
laugardag 17. júní kl. 16.

Íslensk myndlist er yfirlits-
sýning á íslenskri tuttugustu
aldar myndlist úr eigu Lista-
safns Reykjavíkur sem verður
haldin í öllum salarkynnum
Kjarvalsstaða. Þessi sýning
hefur annarsvegar það mark-
mið að bregða ljósi á þróun
íslenskrar myndlistar frá byr-
jun þessarar aldar fram til
dagsins í dag og hins vegar
er henni ætlað að vera kyn-
ning á listaverkæign Lista-
safns Reykjavíkur.

Á sýningunni verða olíumál-
verk, grafík, textílverk, leirl-
ist, installationir og verk unn-
in með blandaðri tækni eftir
mikinn fjölda íslenskra mynd-
listarmanna.

Athöfnin hefst kl. 16 með
því að lúðrasveit mun leika
nokkur lög við inngang Kjarv-
alsstaða.

Borgarlistamaður verður
tilnefndur og Bernardel-
strengjakvartettinn mun
leika.

Sýningin verður opin dag-
lega til 10. september frá kl.
10-18 og er kaffistofan opin
á sama tíma.

Regatta útvistar- klæðnaður



Skeljungsúðin
Suðurlandsbraut 4 • Sími 5603878

Útvistarfatnaður Suðurlandsbraut 4

Morgunblaðið

- kjarni málsins!

Clio



Aukabúnaður á mynd álfelgur, aukaljós, samlitir stuðarar

RENAULT Clio RN MARGVERÐLAUNAÐUR

ÞÆGILEGUR, SNARPUR OG SPARNEYTINN

5 DYRA Á VERÐI FRÁ KR 1.049.000 Á GÖTUNA

REYNSLUAKTU RENAU ÞAÐ ER VEL ÞESS VIRÐI



BIFREIÐAR OG LANDBÚNAÐARVÉLAR • ÁRMÚLA 13
SÍMI: 568 1200 • BEINN SÍMI: 553 1236



RENAULT